

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 12. apríl 2021
UST202103-322/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á deiliskipulag við Varmá - Hveragerðisbær

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 17. mars þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi við Varmá í Hveragerðisbæ.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagi svæðis sem nær til 11 ha. svæðis meðfram Varmá. Í gildi eru tvær deiliskipulagsáætlanir sem ná til hluta svæðisins, deiliskipulag Friðarstaða og deiliskipulag Hverhamars og Hverahvamms, sem falla úr gildi við gildistöku breytingartillögunnar. Auk þess kemur fram að breytingartillagan felur m.a. í sér nýjar lóðir fyrir ferðatengda þjónustu, gróðurhús og nýjar íbúðarlóðir. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu ferða- og heilsutengdrar þjónustu og skapa gott aðgengi að Varmá með gerð góðra göngustíga og áningarsvæða.

Varmá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og að tillagan hafi ekki áhrif á verndargildi Varmár. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir sem kemur fram í tillögunni að uppbygging nærri bökkum árinna geti haft neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun bendir á að fossar falli undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, en fossar og nánasta umhverfi þeirra falla undir greinina að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé metið í tillögunni hver áhrif tillögunnar er á fossa, ásýnd og nánasta umhverfi þeirra.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur